

# Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 13. maí 2014

Árni Sigurjónsson

Ágætu fulltrúar hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

Í þessari skýrslu er farið fáeinum orðum um fjármál félagsins, svo vikið að verkefnum liðins starfsárs og loks fjallað nánar um nokkra mikilvæga þætti í stefnu og starfi fyrirtækisins á komandi misserum.

## I

Á nýliðnu rekstrarári, árið 2013, var afkoma félagsins betri en nokkru sinni áður og stafar það öðru fremur af því að aðalhugbúnaður okkar, Aleph kerfið frá Ex Libris, hefur verið afskrifað að fullu auk þess sem aðhalds er gætt í rekstri og hýsingargjöld hafa enn haldið áfram að lækka. Þess má raunar geta að sú var tíðin að rafræn hýsing kostaði tæpan þriðjung af heildargjöldum Landskerfis bókasafna en er nú minna en einn tuttugasti þeirra. Vegna góðrar afkomu félagsins var ákveðið að veita tímabundinn 3,5% afslátt eða sem nemur neyslúvísitöluhækkun á milli ára á samningsbundnum notendagjöldum á árinu 2014 svo sveitarfélög, bókasöfn, skólar og aðrir viðskiptavinir okkar geti notið góðs af þessari jákvæðu rekstrarstöðu.

Ársreikningur félagsins hefur verið endurskoðaður og undirritaður af stjórn og liggur hér frammi auk þess sem hann var sendur til hluthafa fyrir fundinn. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir honum undir næsta dagskrárlið en hér skal fært til bókar að rekstrargjöld ársins 2013 voru 111,8 milljónir króna; hagnaður var 17,2 m.kr. sem er tvöföldun frá fyrra ári.

Hjá félaginu voru unnin 5 ársverk á árinu.

Efnahagsreikningurinn ber með sér að eignastaða félagsins er mjög góð. Eignir alls eru 166,4 m.kr. og handbært fé 125,9 m.kr. Eiginfjárlutfall félagsins eða hlutfall eigin fjár af heildareignum er 92,4% sem telst afar hagstætt. Veltufjárlutfallið, sem er hlutfall skammtímaskulda af veltufé, er 13,7% sem sýnir að skuldsetning okkar er óveruleg.

Að dómi stjórnar Landskerfis bókasafna sýnir ársreikningurinn glögg að fjárhagur félagsins er í mjög góðu horfi og gerir því kleift að gegna hlutverki sínu á komandi árum.

## II

En lítum nú á kerfi félagsins og starfrækslu þeirra á liðnu starfsári.

Í lok apríl 2014 var rúmlega 1,1 milljón titla skráð í Gegni en fjöldi eintaka var þá um 5,6 milljónir. Í apríl ári fyrr voru titlarnir tæplega 1 milljón en eintökin 5,4 milljónir. Þessar tölur hækka yfirleitt hóflega milli ára en ástæðan fyrir því að fjölgun titla er nú hlutfallslega óvenju mikil er einkum sú að bókfræðifærslum hefur verið hlaðið vélrænt inn í kerfið í mun meira mæli en áður. Þarna er fyrst og fremst um að ræða færslur fyrir rafrænar bækur og tímaritsáskriftir Landsaðgangs og háskólanna.

Í lok apríl 2014 voru rúmlega 260 þúsund gögn í útláni og er það talsvert minna en á sama tíma fyrir ári þegar þau voru 306 þúsund. Heildarútlán ársins 2013 dragast saman um sem nemur 4,7% á milli árunna 2012 og 2013 en útlánnum hefur fækkað árlega frá árinu 2010 en hafði hækkað umtalsvert árin á undan.

Samtals nota yfir 300 bókasöfn og útibú Gegni nú og er staða kerfisins á markaði mjög sterk. Vefmælingar framkvæmdar af Modernus sýna að leitir.is var númer 98 í röðinni yfir vinsælustu vefi landsins árið 2012 og hækkaði upp í 82. sæti árið 2013; flettingum fjölgaði úr 3,2 milljónum í 3,8 milljónir og notendum úr 687 þúsundum í 860 þúsund. Ef notkun á leitir.is er borin saman við gegnir.is sést að sveiflan er meiri á Leitum en í Gegni, fer hærra upp á haustin og vorin en lengra niður á sumrin. Þetta kann að tengjast því að Leitir eru mikið notaðar af námsfólki enda eru rafrænar tímaritsgreinar Landsaðgangs og háskólanna aðgengilegar þar en ekki í gegnir.is. Þegar flettingar á Leitum voru í hámarki í október 2013 voru þær 50% fleiri en á gegnir.is eða 600.000 á móti 400.000.

Leitir.is heldur áfram að taka framförum og nú er svo komið að stjórnin telur að það styttest í að hægt verði að loka „Vefgegni“, a.m.k. fyrir almenningi, enda er óhætt að kalla Leitir nútímalegri vefleitarvél en Gegni. Vísast munu einhverjir sakna vefviðmóts Gegnis en það er nokkurt óhagræði að reka tvo umfangsmikla leitarvefi með svo áþekku notagildi. Þá má nefna að Leitir eru í þróun frá hendi framleiðandans en litlar framfarir verða á vefhluta Gegnis. Yfirburðir Leita umfram Gegni sjást þó best í því að Leitir geta birt gögn úr gagnasöfnum á borð

við Landsaðgang, skemman.is og sarpur.is til viðbótar við bókfræðifærslur bókasafna en Gegnir einskorðast við bókasöfnin.

Fyrirtækið hefur sinnt ýmsum verkefnum á borð við uppfærslur á kerfum og námskeiðahald auk margþættrar þjónustu við söfnin og er það hluti af venjubundinni starfsemi. Einnig mætti nefna að haustið 2013 leit dagsins ljós bæklingur til að kynna leitir.is fyrir notendum og var hann prentaður á íslensku en jafnframt gefinn út í rafrænni gerð á ensku og pólsku.

Starfsfólk okkar á gott samstarf við starfsfólk bókasafna og eru þeir gagnvegir dýrmætir.

Á meðal samstarfsverkefna á árinu má nefna Rafgagnahóp sem Landskerfið stofnaði til þess að skýra verklag við meðhöndlum rafræns efnis í Gegni og leitir.is en umfang rafræns efnis á borð við tímarit, tímaritsgreinar og rafbækur vex ár frá ári. Þar sem flækjustigið við meðhöndlun rafrænna lýsigagna er umtalsvert var orðið tímabært að leiða saman helstu hagsmunaaðila og huga að samræmingu vinnulags. Hópurinn mun skila tillögum um meðhöndlun rafrænna lýsigagna og umbætur á leitir.is í júní 2014.

Rýnihópur Landsaðgangs um rafbækur leitaði til Landskerfisins á árinu um athugun á gæðum rafrænna lýsigagna fyrir rafbókapakka frá EBSCOhost og ProQuest og til að kanna möguleika á að tengja efnið inn í leitir.is. Ekki varð af áskriftum að þessu sinni meðal annars af þeirri ástæðu að aðgengi að þessum pökkum yrði ekki gott fyrir notendur enda lýsigögnin ýmist ekki eða að mjög takmörkuðu leyti aðgengileg í Primo Central Index og þar með leitir.is. Þetta er gott dæmi um mikilvægi samvinnu á milli þeirra sem eru í forsvari fyrir áskriftir eða kaup á rafrænu efni fyrir bókasöfnin og Landskerfisins sem sér um að veita aðgang að efninu í gegnum leitir.is.

Á árinu var hafist handa við að huga að frekari söfnun, úrvinnslu og framsetningu á tölfraði úr Gegni og öðrum kerfum sem Landskerfið rekur. Unnin var skýrsla fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda um vinsælt barnaefni á umliðnum árum. Undir árslok var stofnaður rýnihópur sem hefur það hlutverk að aðstoða Landskerfið við að skilgreina hvaða viðbótartölfraði gæti komið bókasöfnum og eigendum þeirra að góðum notum og er hann enn að störfum.

Til viðbótar við venjubundna verkþætti vegna bókasafnanna hefur nú bæst samstarfið við Rekstrarfélag Sarps en samningur um það var undirritaður þann 24. júní 2013. Samningurinn tók gildi 1. september 2013 og gildir til 1. september 2015. Sarpur er upplýsingakerfi minja- og listsafna og felur samningurinn felur í sér að Landskerfi bókasafna annast daglegan rekstur og stjórnun félagsins, samningagerð, starfsmannahald og áframhaldandi kerfisþróun auk þess að

veita ýmsa þjónustu svo sem rekstur þjónustuborðs. Margháttað verkefni koma hér við sögu og hafa öðru fremur lent á framkvæmdastjóra okkar, Sveinbjörgu Sveinsdóttur, og nýráðnum fagstjóra Sarps, Sigurði Trausta Traustasyni, en hann er starfsmaður Rekstrarfélags Sarps.

Sarpur er kerfi í þróun og má kalla heimasíða og hefur nú verið unnið að því að bæta vinnulag við það verkefni, bæta skjölun og skýra skyldur verktaka. Einnig liggur fyrir að treysta þarf fjárhagsgrundvöll rekstrarfélagsins til frambúðar svo ekki þurfi að byggja rekstur þess á tilfallandi styrkveitingum líkt og að nokkru leyti hefur verið gert hingað til.

### III

Á nýliðnu starfsári hélt stjórn Landskerfis bókasafna hf. tíu stjórnarfundir. Þau mál sem komið hafa á borð stjórnar félagsins verða ekki rakin hér í þaula en stiklað verður á stóru.

(a) Á árinu bættust tvö sveitarfélög í hóp hluthafa Landskerfis bókasafna og eru það Reykhólahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður og bjóðum við bæði velkomin í okkar hóp. Í dag eru 59 hlutabréf útgefin í félaginu og eiga tveir hluthafa yfir 10% hlut sem fyrr, þ.e.a.s. ríkið með um 51% hlut og Reykjavíkurborg með 20%.

(b) Á liðnu ári fylgdist stjórnin með verkefni sem kom til vegna athugasemda frá Persónuvernd og varðaði innskráningaraðferðir í vefviðmót Gegnis. Allt verklag vegna úthlutunar notandanafns og lykilorðs á bókasöfnum fyrir gegnir.is og leitir.is hefur nú verið endurskoðað og kynnt ítarlega á fræðslufundum og námskeiðum sem Landskerfi bókasafna hefur haldið fyrir starfsmenn bókasafna.

(c) Stjórn félagsins samþykkti samgöngustefnu fyrir fyrirtækið á árinu og er markmið hennar eins og þar segir „að stuðla að því að starfsfólk félagsins noti vistvænan og hagkvæman ferðamáta“ en það telst vistvænn ferðamáti að nota almenningssamgöngur, reiðhjól, ganga eða samnýta einkabíla á leið úr eða í vinnu.

(d) Á síðasta aðalfundi greindi stjórn félagsins frá umleitunum um fyrirhugað samstarf Landskerfis bókasafna og Rekstrarfélags Sarps og varð það að veruleika á liðnu rekstrarári eins og áður kom fram. Að Sarpi standa 50 söfn og er kerfið aðgengilegt á vefnum (sarpur.is). Samningurinn við Sarp var kom til framkvæmda 1. september síðastliðinn og er tilgangur með samstarfi félaganna samkvæmt samningnum að byggja upp öflugna notendabjónustu, bæta gæði skráningar með auknu gæðaeftirliti og auka aðgengi almennings að Sarpi gegnum leitir.is.

Höfuðmarkmið Landskerfis bókasafna með þessu samstarfi hefur verið að stuðla að því að stafrænt gagnasafn íslenskra minjasafna verði aðgengilegt í aðalleitarkerfi félagsins, leitir.is, við hlið annarra gagnasafna.

En þess utan getur þetta samstarf, ef vel tekst til, þjónað fleiri jákvæðum markmiðum, svo sem að efla kynningu hins íslenska menningararfs á veraldarvefnum og að nýta betur fjármagn hins opinbera. Þá er mikilvægt að styrkja stofnunarumgerð slíkra upplýsingakerfa og bæta þar með rekstraröryggi þeirra og þróun til langs tíma litið.

Nú má segja að nokkur reynsla sé komin á samstarf félaganna. Eins og stjórnin sá fyrir fól það í sér umtalsverða vinnu fyrir Landskerfi bókasafna á haustmánuðum, ekki síst fyrir framkvæmdastjóra okkar. Við teljum að samstarfið þokist í rétta átt þó að það markmið að birta gögn minjasafna í leitir.is náist líklega ekki fyrir en í haust.

(e) Á síðasta aðalfundi félagsins var rætt um skýlæg bókasafnskerfi en Alma, kerfið sem ExLibris býður til leigu, er þeirrar gerðar.

Skýlæg kerfi hafa ýmsa ótvíræða kosti. Þeim fylgir minnkuð viðhaldsbyrði þar sem kerfinu er haldið við í höfuðstöðvum framleiðanda en ekki í mörgum, dreifðum söfnum eða bókasafnamiðstöðum. Með slíku kerfi eru svonefndir þungir biðlarar, forrit sem keyra aðeins á einu tilteknu stýrikerfi og tengjast aðalkefni, úr sögunni því allir notendur, að bókavörðum meðtöldum, nota vefskoðara við leitir, útlán, skráningu og önnur verk. Dreifing á biðlurum heyrir þá sögunni til; og hýsing verður miðlæg og hagkvæm.

Gallarnir við skýlæg kerfi eru á hinn bóginn greinilegir. Alma, hið nýja, skýlæga bókasafnskerfi frá Ex Libris, getur að takmörkuðu leyti þjónustað samlög bókasafna og uppfyllir því ekki þarfir Landskerfis bókasafna, a.m.k. ekki enn sem komið er. Þá getur verið erfitt að fá gerðar breytingar, sem safn eða safnasamlag telur nauðsynlegar, þar sem gera má ráð fyrir að færri vinni við breytingar og aðlögun en áður; og raunar gæti orðið erfiðleikum bundið að fá kerfið þýtt á íslensku yfirhöfuð ef marka má stefnuna sem tekin hefur verið hjá ExLibris; loks gæti aukin hættu á þjónusturofi skapast af því að hýsa gögn í öðrum löndum og treysta á sæstrengi.

Ef til vill mun hugsanleg kostnaðarlækkun valda mestu um hvort Landskerfi bókasafna ákveður að taka skýlægt bókasafnskerfi í notkun. Stjórnin hefur leitað eftir upplýsingum um hver kostnaður gæti orðið af því að taka slíkt kerfi í notkun og hver leigugjöldin yrðu. Ekki hefur verið leitað tilboða með formlegum hætti og engin ábyrgð er tekin á verðupplýsingum en gefið er til

kynna að hugsanlega gæti stofnkostnaður við uppsetningu Ölmú numið nokkrum tugum milljóna frá hendi seljanda. Ýmis annar kostnaður mundi falla á kaupanda, svo sem vegna kennslu og leiðsagnarefnis. Árgjaldið þar eftir yrði allnokkru hærra en það árgjald sem við greiðum fyrir núverandi kerfi. Niðurstaða stjórnar félagsins er sú að enn um sinn verði að bíða þess að skýkerfið þroskist tæknilega og verð þess lækki. Félagið fylgist með þróuninni á þessum vettvangi eins og kostur er.

(f) Stjórn Landskerfis bókasafna lagði áherslu á það á liðnu starfsári að kanna hvaða kostir gætu verið í boði til að hefja útlán á íslenskum, rafrænum bókum. Í því skyni átti stjórn félagsins fund með Agli Jóhannssyni, formanni Félags íslenskra bókaútgefenda, 26. nóvember síðastliðinn og tók hann í kjölfarið sæti í nefnd með framkvæmdastjóra okkar og einum stjórnarmanna, Pálínu Magnúsdóttur borgarbókaverði, til að ræða málið frekar og afla þekkingar. Nefndinni var falið að kortleggja valkosti í þessum efnum og hefur hún skoðað ýmsar leiðir og reifað málið.

Rafrænar bækur og ný lestæki hafa breytt bókaútgáfu með mjög róttækum hætti og hafa bókasöfn í ýmsum löndum leitað leiða til að taka þátt í þessum breytingum. Bókaforlög, sem selja rafrænar bækur, vilja mörg hver lána þær út en tæknilegir annmarkar hafa gert það að verkum að forlögin hika mjög við að afhenda rafræn eintök til útláns; útgefendur telja nefnilega flestir of auðvelt fyrir notandann að breyta slíkri bók í frambúðareign á lestækinu án þess að gjald komi fyrir. Af þessari tæknilegu ástæðu hafa margir hallast að því að betra sé að fara svonefnda streymisleið en hún felur í sér að menn geta skoðað og lesið þær rafrænar bækur sem þeir hafa í útláni aðeins meðan þeir eru tengdir Netinu. Þessi leið tryggir betur hag útgefandans en hún hefur þann galla að rofni netsamband getur lánþeginn ekki lesið bókina. Rétt er þó að minna á að sífellt verður auðveldara að ná netsambandi og það er víðar fyrir hendi með hverju árinu, núna til dæmis í bifreiðum, skipum og flugvélum.

Bókaútgefendur hafa sums staðar farið þá leið að hefja útlán með streymislausn á eigin spýtur og telja sig þá ekki þurfa neina hjálp frá bókasöfnum. Sú nálgun getur leitt til þess að stór forlög eru ein um hituna en þau minni liggja óbætt hjá garði. Einnig gæti þetta leitt til þess að hvorki glænýjar bækur né gamlar fengjust lánaðar enda mundu viðskiptasjónarmið ein ráða ferðinni. Ekki má gleyma að höfundar eru að sjálfsögðu mikilvægur hlekkur í keðjunni og þurfa að fá eitthvað fyrir sinn snúð þegar rafrænar bækur eru lánaðar út.

Forsvarsmenn bókasafna og, eins og fram kom á Degi bókarinnar nú fyrir þremur vikum, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga hafa áhuga á að nýta bókasöfnin í þágu

útlána á rafbókum. Sjónarmið Landskerfis bókasafna er að félagið geti orðið góður tengiliður milli hagsmunaaðila í málinu og geti skapað fjárhagslegar og kerfislegar forsendur til að þetta megi gerast í góðri sátt. Við teljum að enginn vafi leiki á að almenningur hefði af því verulegan hag að geta fengið sem flestar íslenskar bækur lánaðar með rafrænum hætti, bæði þær sem eru „fæddar rafrænar“ sem og hinar eldri sem hafa verið skannaðar.

Alnetið felur í sér stórkostlegt tækifæri til að dreifa bókum hratt og örugglega til lánþega, tækifæri sem ekki má ganga þjóðinni úr greipum.

## IV

Mörg verkefni eru nú framundan hjá Landskerfi bókasafna. Nefna má að með haustinu verður hafist handa við að innleiða RDA skráningarreglur í Gegni. Framsetning tölfraeði verður bætt í samvinnu við rýnihóp. Meðal umbóta á vefjum verður að reyna að gera innskráningu á leitir.is mögulega með svonefndum Íslykli sem er innskráningarþjónusta á vegum island.is. Í samvinnu við Þekkingu er unnið að því að þróa staðlaða leið til að ná lýsigögnum út úr Fotoware hugbúnaðnum sem notaður er hjá fjölda ljósmyndasafna á landinu sem mundi gera okkur kleift að tengja safnskrár þeirra við Leitir. Þá verður unnið að því að tengja Sarp við Leitir, gera aðgengisúttekt á Leitum, taka í notkun skjalavistunarkerfi hjá Landskerfi bókasafna og vonandi endurnýja frá grunni eigin vef fyrirtækisins. Þá er vonast til að aukið verði samstarf við alþjóðlegu gagnasöfnin TEL og Europeana og að hægt verði að ná markverðum áfanga í útlánum rafbóka.

Verkefnin framundan eru því ærin og afar áhugaverð. Félagið mun ekki anna þessu öllu á einu ári en það er sem betur fer vel í stakk búið til að mæta nýjum áskorunum, bæði hvað varðar hæfni mannafla og fjárhag.

Fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna hf. vil ég að lokum færa framkvæmdastjóra félagsins og öðru starfsfólki kærar þakkir fyrir þeirra góða framlag á liðnu starfsári. Ég þakka einnig samstarfsfólki mínu í stjórninni ánægjulegt samstarf á árinu og færi Huldu Björk Þorkelsdóttur sérstakar þakkir; Hulda lætur nú af störfum sem varamaður í stjórn félagsins en hún var kjörin í það hlutverk árið 2002 og hefur setið marga fundi með okkur og lagt ýmislegt gott til málanna.